

# Aðalfundur Hollvinafélags MR 25. maí 2018

Hollvinafélag Menntaskólans í Reykjavík boðar til aðalfundar á Sal Menntaskólans í Reykjavík föstudaginn 25. maí klukkan 16:00. Dagskrá samkvæmt samþykktum:

- Formaður setur fundinn.
- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar lögð fram til umræðu
- Framlagning ársreikninga til umræðu og samþykktar
- Tillögur að breytingum á samþykktum félagsins
- Aðrar tillögur rétt fram bornar
- Kosning formanns og átta meðstjórnenda
- Kosning tveggja skoðunarmanna
- Önnur mál

Einfaldur meirihluti félagsmanna ræður úrslitum mála á aðalfundi.

Samþykktir félagsins má sjá hér (<http://hollvinirmr.is/index.php/samthyktir>).

Breytingartillögur við samþykktir félagsins:

## 7. Grein: Stjórn

Stjórn félagsins skal skipuð níu félagsmönnum, formanni og átta meðstjórnendum. Stjórn skal kosin á aðalfundi. ~~Formaður skal kosinn sérstaklega.~~ Stjórnin kys **formann og** varaformann og skiptir með sér verkum að öðru leyti á fyrsta stjórnarfundum sem haldinn er eftir aðalfund félagsins. Stjórn skal annast málefni félagsins milli aðalfunda.

## 8. Grein: Aðalfundur

Aðalfundur félagsins skal haldinn ár hvert, eigi síðar en **7. júní**. Til hans skal boðað með minnst 14 daga fyrirvara með auglýsingu á heimasíðu félagsins og heimasíðu skólans. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Framboð til stjórnar skulu hafa borist með minnst 7 daga fyrirvara. Tillögur sem leggja á fyrir aðalfund skulu hafa borist stjórn eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund. Rétt til setu á aðalfundi hafa félagsmenn HMR. Dagskrá fundarins skal vera sem hér segir:

- Formaður setur fundinn.
- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar lögð fram til umræðu
- Framlagning ársreikninga til umræðu og samþykktar
- Tillögur að breytingum á samþykktum félagsins
- Aðrar tillögur rétt fram bornar
- Kosning **níu stjórnarmanna** ~~formanns og átta meðstjórnenda~~
- Kosning tveggja skoðunarmanna
- Önnur mál

Einfaldur meirihluti félagsmanna ræður úrslitum mála á aðalfundi.

Breytingar eru sýndar með yfirstrikun og rauðu lettri.

### **Greinargerð:**

Rétt þykir að stjórn kjósi sér sjálf formann fremur en að hann sé kosinn sérstaklega. Frestur til að halda aðalfund er færður fram um viku þar sem það er heppilegra vegna tímasetningar annarra atburða í skólanum.

Eftirfarandi framboð til stjórnarkjörs hafa borist:

**Til formanns:**

Halldór Kristjánsson, 290552-7969

**Sem meðstjórnendur:**

Brynjólfur Jónsson, 060452-3779

Kristín Heimisdóttir, 301168-3579

Kristrún Heimisdóttir, 280871-4199

Laufey Gunnarsdóttir, 040152-2379

Ólafur Stephensen, 110668-5469

Ólafur Þorsteinsson, 080348-7899

Svana Helen Björnsdóttir, 201260-2489

Yngvi Pétursson, 111251-6229

**Sem skoðunarmenn hafa eftirfarandi gefið kost á sér:**

Árni Indriðason, 030650-2399

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 060564-3889

Framboðsfrestur rennur út sjö dögum fyrir aðalfund. Tillögur sem leggja á fyrir fundinn skulu hafa borist stjórn eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund.

Rétt til setu hafa allir stúdentar frá Menntaskólanum í Reykjavík.

Reykjavík, 10. maí 2018,

Stjórn Hollvínafélags MR